Nr. 2.
12.
jan.

# Auglýsing

er

fellir úr gildi ýmsar auglýsingar frá stjórnarráði Íslands um ráðstafanir gegn því, að hin austurlenzka kólerusótt flytjist til Íslands, m. fl.

Hjermeð skulu felld úr gildi ákvæðin í auglýsingum frá stjórnarráði Íslands 16. ágúst 1892, 1. júní 1893, 3. ágúst og 13. september 1894 um, að fyrirmælum laga 17. des. 1875 um mótvarnir gegn því, að bólusótt og hin austurlenzka kólerusótt flytjist til Íslands, skuli fylgt að því er snertir skip, er til Íslands koma frá rússneskum höfnum við Eystrasalt og finnska flóann (Kyrjálabotn) og höfnum á Finnlandi, höfnum í Hollandi og Austur- og Vesturprússlandi, og frá London. Ennfremur fellur úr gildi bannið samkvæmt lögum 24. okt. 1879, 3. gr. í nefndum auglýsingum gegn því að flytja með þessum skipum til Íslands brúkað lín, föt og sængurfatnað, nema þessir munir sjeu ferðafatnaður, dulur, brúkað vatt, hnökraull, afklippur af pappír, hár, húðir og ávexti, svo og ávæðið um, að hreinsa skuli undir umsjón af hálfu hins opinbera lín, föt og sængurfatnað, er menn hafa með sjer sem ferðafatnað frá ofangreindum stöðum.

Ákvæðum laga 17. desbr. 1875 verður hjereptir beitt að því er þessa staði snertir:

hafnir á Sýrlandi
hafnirnar við Svartahafið og azowska hafið,
hafnir í Litluasíu og
allar Egiptalands hafnir.

Fyrir alla þessa staði, að undanskildum Egiptalandshöfnum, gildir og innflutningsbann samkvæmt lögum 24. oktbr. 1879. 3. gr. Svo skal og hreinsa undir umsjón af hálfu hins opinbera lín, föt og sængurfatnað, er menn hafa með sjer sem ferðafatnað frá ofangreindum stöðum, nema frá höfnum á Sýrlandi og Egiptalandi.

Auglýsing þessi öðlast þegar gildi.

Þetta birtist öllum þeim til leiðbeiningar, er hlut eiga að máli.

*Í stjórnarráði Íslands, 12. janúar 1895.*

*J. Nellemann.*

*Ólafur Halldórsson.*

Nr. 2. Auglýsing 12. jan. er fellir úr gildi ýmsar auglýsingar frá stjórnarráði Íslands um ráðstafanir gegn því, að hin austurlenzka kólerusótt flytjist til Íslands, m. fl.

# Bekendtgørelse

Nr. 2.
12te
Jan.

om

## Ophævelse af flere Bekendtgørelser fra Ministeriet for Island angaaende Foranstaltninger mod den asiatiske Koleras Indbringelse til Island m. m.

Herved ophæves Bestemmelserne i Bekendtgørelser fra Ministeriet for Island af 16de August 1892, 1ste Juni 1893, 3dje August og 13de September 1894 om Jagttagelse af de i Lov om Foranstaltninger til at forhindre Børnekoppers og den asiatiske Koleras Indbringelse til Island af 17de December 1875 foreskrevne Forholdsregler med Hensyn til Skibe, der ankomme til Island fra russiske Havne ved den finske Bugt og Østersøen samt finske Havne, Havne i Nederlandene, Havne i Vest- og Østpreussen, samt London, saavel som ogsaa det i bemeldte Bekendtgørelser indeholdte Forbud i Henhold til Lov af 24de Oktober 1879 § 3 mod al Indførsel ved saadanne Skibe af brugt Linned, brugte Klædningsstykker, brugte Sengeklæder, for saa vidt de nævnte Genstande ikke høre til Personers Rejsegods, Klude, brugt Vat, Kradsuld, Papirsaffald, Haar, Huder og Frugt, samt endelig Paabudet om Rensning under offentligt Tilsyn af Linned, Klædningsstykker og Sengeklæder, der medbringes som Rejsegods fra de ovennævnte Steder.

Bestemmelserne i Lov af 17de December 1875 ere herefter i Virksomhed over for følgende Steder:

syriske Havne,
Havnene ved det sorte og det azowske Hav,
Havne i Lille Asien og
samtlige ægyptiske Havne.

Over for samtlige de nævnte Steder med Undtagelse af ægyptiske Havne bestaar derhos Indførselsforbud i Henhold til Lov af 24de Oktober 1879 § 3, hvorhos der er paabudt Rensning under offentligt Tilsyn af Linned, Klædningsstykker og Sengeklæder, der som Rejsegods medbringes fra de nævnte Steder med Undtagelse af syriske og ægyptiske Havne.

Denne Bekendtgørelse træder straks i Kraft.

Hvilket herved bekendtgøres til Efterretning for alle vedkommende.

**Ministeriet for Island, den 12te Januar 1895.**

*J. Nellemann.*

*Olafur Halldórsson.*

Nr. 2. Bekendtgørelse af 12te Jan. om Ophævelse af flere Bekendtgørelser fra Ministeriet for Island angaaende Foranstaltninger mod den asiatiske Koleras Indbringelse til Island m. m.